SAMEYKI

Trúnaðarmannafundur 14. október 2026
Reykjavíkurborg og sveitarfélög

SAMEYKI

Velkomin á fund trúnaðarmannaráðs

- ✓ Vinsamlega stillið mikrófón á „Mute“ 
- ✓ Ekki hafa kveikt á myndavél 
- ✓ Rétta upp hönd ef þú vilt tala 
- ✓ Þegar þú færð orðið opnar þú mikrófón  og opnar fyrir mynd 

SAMEYKI

Upptaka á fundi

- ✓ Tilgangur upptöku er að auðvelda það að gera fundargerð
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir að hlustað verði á upptökuna eða hún afhent þátttakendum eftir fundinn
- ✓ Upptökunni verður eytt eigi síðar en 30 dögum eftir fundinn
- ✓ Kom fram í tölvupósti til þeirra sem eru skráðir á fundinn

SAMEYKI

Dagskrá

- ✓ Kynning á aðaltrúnaðarmanni Reykjavíkurborgar
- ✓ Samningsumboðið
- ✓ Starfsmatið - framtíðin
- ✓ Kjaramál
- ✓ Önnur mál

Fundarstjóri: Kári Sigurðsson, formaður

Aðaltrúnaðarmaður Sameykis hjá Reykjavíkurborg

Hafsteinn Hörður Gunnarsson

Samningsumboð Reykjavíkurborgar til Sambands íslenskra sveitarfélaga

SAMEYKI

Ógnanir

- Samkeppni milli launagreiðenda hverfur
- Ákvarðanavaldið færist fjær launagreiðanda
- Sérstaða mismunandi launagreiðanda
- Launagreiðendur reyni að semja ,,niður á við“ í samræmingu
- Fyrir Sameyki:
  Missa forystusætið í samningum við Reykjavíkurborg

SAMEYKI

Tækifæri

- Samræming og einföldun á vinnumarkaði
- Samræming á milli stéttarfélaga, á störfum og starfsmati
- Sterkari í kjarabaraáttu með allt landið undir
- Stéttarfélögum takist að semja ,,upp á við” í samræmingu
- Háskólahóparnir komi inn í SÍS samninginn
- Fyrir Sameyki:
  Getur orðið enn stærra, öflugra og áhrifameira stéttarfélag

Starfsmatið

Starfsmatið

- ✓Hver er upplifun trúnaðarmanna af starfsmatinu?
- ✓Vinna í gangi í faglegri stjórn að skoða starfsmatið hjá Reykjavíkurborg og Sambandinu

Kjaramál

SAMEYKI

Kjaramál

- ✓ Forsenduákvæðið

  Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir okkar samninga?

- ✓ Hagræðingaraðgerðir

  Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga



60 milljarðarnir sem enginn talar um

Kári Sigurðsson skrifar 13. október 2026 07:31

Nú styttist í næstu aðgerðir hjá meirihlutanum hjá Reykjavíkurborg miðað við orð borgarstjóra. Þar eru störf fólks líklega undir eins og í síðustu aðgerðum en meirihlutinn hefur lagt mikla áherslu á launakostnað og nauðsyn þess að fækka starfsfólki. Það er einn stór kostnaðarliður sem hefur fengið furðulega litla athygli í þessari hagræðingarumræðu. Það er aðkeypt þjónusta.

Samkvæmt greiningu sem ég hef unnið upp úr ársreikningum Reykjavíkurborgar nam kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu, að frádregnum innri viðskiptum, rúmlega 60 milljörðum króna árið 2025.

Þess vegna finnst mér sérstakt hversu lítið hefur verið rætt um þennan kostnaðarlið þegar borgin stendur frammi fyrir umfangsmiklum aðhaldsaðgerðum. Hversu há verður talan árið 2026?

Í síðustu viku sat ég fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna. Þar var farið yfir mörg áhugaverð og mikilvæg málefni sem snúa að fjármálum og rekstri sveitarfélaga. Það sem vakti hins vegar athygli mína var hversu lítið var fjallað um aðkeypta þjónustu og þann kostnað sem henni fylgir.

Mér finnst þetta svolítið eins og að stíga á vigtina og horfa eingöngu á líkamsþyngdina. Hún segir okkur vissulega eitthvað um heilsufarið en langt frá því alla söguna. Til þess að meta heilsuna þurfum við að skoða heildarmyndina. Það sama á við um rekstur sveitarfélaga.

Önnur mál

Takk fyrir